

**Mál nr. 406/2017**  
**M og**  
**V vegna bifreiðanna A og B**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr frjálstri ábyrgðartryggingu og slysatryggingu launþega.**

**Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 14.12.2017, ásamt fylgiskjölum.  
Bréf V, dags. 5.1.2018.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið til norðurs á hægri akrein Vesturlandsvegur að hringtorgi við Úlfarsárveg. Málskotinu fylgdi myndbandsupptaka af atvikinu þar sem sjá má að B er ekið á eftir A að hringtorginu. Þegar A kemur að biðskyldumerki við hringtorgið má sjá að ökumaður A stöðvar bifreiðina og ekur svo áfram inn í hringtorgið og stöðvar bifreiðina aftur, að því er virðist að ástæðulausu, áður en hann hyggst aka út úr hringtorginu við fyrsta útakstur. Í sömu mund og A stöðvar bifreiðina í seinna skiptið er B ekið aftan á A.

**Álit.**

B var ekið aftan á A. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, vera svo langt frá því að eigi sé hættu á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úrhraða þess. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 50/1987 ber ökumanni sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þá segir í g-lið 1. mgr. 28. gr. sömu laga að eigi megi stöðva ökutæki í hringtorgi. Telst ökumaður A hafa brotið gegn framangreindum umferðarreglum. Ber hann því einnig nokkra sök á árekstrinum. Með hliðsjón af ofanrituðu ber A 1/3 hluta sakar og B 2/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík 23. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.